

Náttúruverndarstofnun

Ásahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Laugalandi, 851
Hellu (dreifbýli)

Garðabær, 14. febrúar 2025
202501-0030/A.B.
08.02

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Sauðholt 2 - Ásahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ásahrepps er barst 10. janúar sl. þar sem óskað er umsgagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Sauðholt 2.

Í erindinu kemur fram að lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóða Sauðholts 2 lóð og Sauðholts 2B. Í gildi er deiliskipulag sem tekur til lands L220917. Við gildistöku tillögunnar fellur núverandi skipulag svæðisins úr gildi. Í breytingunni felst sameining þessara tveggja lóða í eina auk skilgreiningar á byggingarreitum og byggingarheimildum.

Vistgerðir, fuglalíf og náttúruminjaskrá

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Sauðholtsnes og er númer 729 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem víðáttumiklum og lífríku mýrum þar sem er mikið og fjölbreytt fuglalíf. Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og víðikjarrvist sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Auk þess bendir Náttúruverndarstofnun á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni

Náttúruverndarstofnun

landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.¹

Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki einungis jarðrask getur valdið álagi á búsvæðum fuglanna, heldur getur einnig orðið umsvifin valdið hörfun og rask á flugleiðum fuglanna.

Náttúruverndarstofnun bendir á að líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.²

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.³

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillöggunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur

¹ [Mófuglar | moj.hi.is](https://moj.hi.is)

² <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolbreytni-i-Montreal-i-Kanada/>

³ <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolbreytni-til-framtidar>